



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr.113 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, mánudaginn 26.október 2015 klukkan 14:00. Mætt eru Kristbjörg Hilmarsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Davíð Andri Agnarsson, Bjarki Guðnason og fulltrúi skipulags –og byggingarmála Vigfús Þór Hróbjarsson

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Orustustaðir – Deiliskipulag

Lagt er fram uppfært deiliskipulag Orustustaða til samþykktar samkv. 41. og 42.gr. Skipulagslaga nr.123/2010. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir hótél innan jarðarinnar Orustustaða.

Umsagnir og athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins er svarað innan greinargerðar skipulagsins. Meirihluti nefndarinnar gerir að öðru leiti ekki athugasemd við skipulagstillöguna og leggur til að hún verði send skipulagsstofnun til yfirferðar fyrir birtingu og gildistöku í b-deild stjórnartíðinda. Bókun nefndarinnar lögð fram til atkvæðagreiðslu: Samþykkt með 4 atkvæðum gegn einu. Kristbjörg óskar sér bókunar.

„Ég harma þá ákvörðun meirihluta skipulagsnefndar að hafa að litlu þær athugasemdir sem gerðar eru við veglínu innan skipulagsins og reyna ekki að finna nýja veglínu sem væri að sem mestu leiti í landi Orustustaða.“

2. Tjaldsvæði á Kirkjubæjarklaustri – Deiliskipulag

Athugasemdafrestur vegna deiliskipulags tjaldsvæðis að Kirkjubæ II rann út þann 5.október síðastliðinn. Engar athugasemdir bárust. Mælt er til þess að skipulagið sé sent til yfirferðar skipulagsstofnunnar samkv. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010 áður en það tekur gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda
Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.

3. Breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022

Athugasemdafrestur vegna breytingar á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 rann út þann 28.september síðastliðinn. Engar athugasemdir bárust. Mælt er til þess að skipulagið sé sent skipulagsstofnun til staðfestingar samkv. 32.gr. skipulagslaga nr.123/2010
Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.

4. Icelandic Glacier Charr ehf – Beiðni um skipulagsbreytingu

Icelandic Glacier Charr óskar eftir því að unnin verði lýsing skipulagsbreytingar samkv. meðfylgjandi umsókn.
Nefndin gerir ekki athugasemd við að hafist verði handa við lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna uppbyggingar hótels og tengdri starfssemi að Tungu.

Önnur mál.

5. Túngata – Parhús

Systrakaffi ehf hefur sótt um leyfi til byggingar á lóð Túngötu 10-12. Málið lagt fram til kynningar.
Nefndin gerir ekki athugasemd við fyrirhuguð byggingaráform eins og þau eru lögð fram fyrir nefndina.

6. Stofnun lóðar – Túngata 10-12

Beiðni um stofnun lóðar Túngötu 10-12 samkv. gildandi deiliskipulagi svæðisins.
Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.

Meira ekki gert fundi slitið kl.16:05